

um frv. til lyfsölulaga.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Frv. var útbýtt á Alþingi 24. okt. s. l. og vísað til heilbr.- og félmn. 29. s. m. Var frv. tekið fyrir í nefndinni næsta dag og ákveðið að senda það til umsagnar eftirfarandi aðilum: Apótekarafélagi Íslands, Lyfjafræðingafélagi Íslands, Læknafélagi Reykjavíkur, Læknafélagi Íslands, Verzlunarráði Íslands, Sambandi ísl. samvinnufélaga, Rannsóknarstofu háskólans, Tilraunastöðinni að Keldum, Eftirliti lyfjabúða og Dýralæknafélagi Íslands, en allir þessir aðilar hafa margvíslegra hagsmuna að gæta við setningu laganna. Ræddi nefndin frv. á þremur fundum fyrir þinghlé, en þá höfðu umsagnir frá framanrituðum aðilum, að undanteknu Verzlunarráði Íslands, borizt, en auk þess höfðu henni þá borizt ýmsar ábendingar og tillögur frá einstökum aðilum um breytingar á frv. Voru öll þessi gögn send landlækni til athugunar og umsagnar.

Nefndin tók frv. fyrir á ný 31. jan. s. l., og höfðu henni þá borizt allar umsagnir ásamt athugasemdum landlæknis við þær. Eftir að nefndin hafði kynnt sér ýtarlega öll þessi gögn, kallaði hún til sín landlækni, ásamt eftirlitsmanni lyfjabúða, forstöðumanni Lyfjaverzlunar ríkisins og rektor Háskóla Íslands, en hann hefur verið lögfræðilegur ráðunautur við samningu frv. Ræddi nefndin við þessa aðila öll þau atriði, sem fram höfðu komið í umsögnum um frv., svo og þær athugasemdir og ábendingar, sem nefndin eða einstakir nefndarmenn höfðu fram að færa. Þá mætti og hjá nefndinni yfirdýralæknirinn ásamt einum stjórnarmeðlim úr Dýralæknafélagi Íslands, auk þess sem ýmsir aðilar aðrir ræddu við nefndarmenn um einstök ákvæði frv.

Heildarlöggjöf um lyfsölu hefur aldrei verið sett hér á landi, og byggjast allar framkvæmdir þeirra mála, sem þó snerta svo að segja allan almenning, að langmestu leyti á tilskipun frá 1672, svo og ýmsum reglugerðum, sem út hafa verið gefnar. Er langt síðan mönnum var það ljóst, að við svo búið mátti ekki standa. Hefur því verið unnið að því á síðustu tveimur áratugum að undirbúa heildarlöggjöf um lyfsölu. Árangur þess mikla starfs er frv. það, sem hér um ræðir, og lagt hefur verið fram sem stjórnarfrv. á yfirstandandi þingi. Frv. þetta hefur því verið vandlega undirbúið. Þó leggur nefndin til, að gerðar verði nokkrar breytingar á því, og verður þeim nánar lýst í framsögu.

Í frv. eru engin ákvæði um gjald fyrir lyfsöluleyfi. Var það sameiginlegt álit nefndarinnar, að gjöld verði ákveðin fyrir útgáfu slíkra leyfa, eftir að lögin hafa öðlazzt gildi, og að upphæð þeirra verði ákveðin mismunandi eftir því, hvaða viðskiptamöguleika hlutaðeigandi leyfisbeiðandi þá öðlast, og að ákvæði um þetta beri að taka upp í lög um aukatekjur ríkissjóðs og eigi því ekki heima í þessu frv. Rétt þykir að taka fram, að allar þær breytingartillögur, sem nefndin ber fram, miða að því að verða, svo sem frekast er unnt, við þeim óskum, sem borizt hafa nefndinni, án þess þó að veikja það öryggi, sem frv. veitir öllum almenningi, ef að lögum verður.

Sérhver nefndarmaður áskilur sér rétt til þess að bera fram aðrar breytingartillögur en þær, sem nefndin ber fram sameiginlega, eða fylgja öðrum brtt., sem fram kynnu að koma. Að öðru leyti er nefndin sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt með þeim breytingum, sem hún ber fram á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 8. febr. 1963.

Gísli Jónsson, Birgir Finnsson, Guðl. Gíslason.
form., frsm. fundaskr.
Hannibal Valdimarsson. Jón Skaftason.